Selfossi 24.ágúst 2018

# Fundargerð stjórnar

**************************

**1. fundur stjórnar *Brunavarna Árnessýslu* haldinn föstudaginn 24. ágúst 2018, kl. 8.15 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.**

**Mætt: Eyþór H. Ólafsson, formaður, Ingibjörg Harðardóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Halldóra Hjörleifsdóttir, Gísli Halldór Halldórsson, Pétur Pétursson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.**

**Formaður bauð fundarmenn velkomna á fyrsta fund nýrrar stjórnar og setti fund kl. 8.15.**

1. **Kynning á Brunavörnum Árnessýslu**
   Pétur fór yfir stutta kynningu á starfsemi BÁ fyrir nýja stjórnarmenn.

2. **Reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit nr 723/2017**
   Pétur kynnti lauslega reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit og fór yfir hvernig eldvarnaeftirliti er háttað innan BÁ. Umræður.

3. **Ný reglugerð um starfsemi slökkviliða nr 747/2018**
   Pétur stiklaði á stóru um nýja reglugerð um starfsemi slökkviliða sem tók gildi fyrr í sumar.

4. **Skoðunarskýrsla Mannvirkjastofnunar á Brunavörnum Árnessýslu frá 2017**
   Pétur kynnti niðurstöður úr úttekt Mannvirkjastofnunar frá 2017.

5. **Viðbygging við Tvísteinabraut í Árnesi**
   Stjórn samþykkir erindi um viðbyggingu við Tvísteinabraut í Árnesi með þeim skilyrðum að farið verði eftir byggingarreglugerð í hvívetna, kröfum eldvarnaeftirlits og að ekki verði hætta á lyktarmengun.

6. **Brunavarnaáætlun 2015-2020**
   Umræða um endurnýjun Brunavarnaáætlunar sem þarf að fara af stað á næsta ári.

7. **6 mánaða uppgjör**
   Pétur kynnti lauslega 6 mánaða uppgjör.

8. **Fjárhagsáætlun 2019**
Vinna við fjárhagsáætlun 2019 er að hefjast og verða fyrstu drög lögð fyrir næsta stjórnarfund. Kjarasamningar eru gildir til 31.mars 2019 og verður því launaliðurinn óvissuliður í fjárhagsáætluninni. Framkvæmda- og fjárfestingaáætlun 2018-2023 skoðuð.

9. **Önnur mál**
   a. Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 24.september kl.8:15

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 10:04